

dagsskóla, þið getið þó lesið um Jesúm, heyrت um hann og lært að þekkja hann. Jesús vill hafa sömu áhrif á ykkur.

Látid þið nú, börnin míin öll, það sjást á ykkur, að þið hafið lært að þekkja Jesúm. Þið getið það, ef þið viljið; því Jesús vill það. Látid þið það sjást á því, að þið eruð góð og blýðin. En látið það líka sjást á því, að þið hugsið um börnin, sem aldrei hafa heyrت neitt um Jesúm, vesalings heiðingjaborin, ogbiðjið fyrir þeim og viljið vera með að gera eithvæð fyrir þau.

---

*Kristnu foreldrar!* Þið eigið ekki eingöngu að segja börnunum ykkar frá Jesú og láta þau lesa um hann, en þið eigið að sýna þeim hann.

Já, viljið þið þá ekki láta börnin ykkar sjá á ykkur sagnadarerindið um Jesú og láta þau finna til þess, að það sé gott?

Guð gefi ykkur náð til þess.

---

#### TIL GAMANS.

---

*Hafði búið sig undir.* — „Tumi, nú ætla eg að refsa þér.“  
„Fyrir hvað, pabbi?“

„Vertu ekki að gera þér upp þetta sakleysi, strákur. Það er ekki til neins fyrir þig. Eg veit um öll stráka-pörin þín í dag.“

„Nei, pabbi! Það gerir þú ekki. Þú veist ekki, hvar eg faldi ólina, sem þú berð mig með.“

*Ráðlegging barns.* — Það var sunnudagsmorgun, um það leyti, sem vant var að lofa sunnudagsskóla-börnunum að fara heim, að forstöðumaður skólans segir við börnin: „Það er maður hérla hjá ykkur í dag, börn, sem ætlað að gera svo vel, að segja nokkur orð við okkur. Hann heitir Mr. Smith.“

Mr. Smith stendur á fætur brosandí, horfir um stund yfir barna-hópinn, og segir svo: „Eg veit varla, hvað eg á að segja.“ — Hann komst ekki lengra; því allur skólinn ætlaði að veltast um af hlátri við það að heyra aftast úr salnum mjóða rödd í baðni, sem blest var á málí, segja: „Þeigðu amen og þeðtu niður!“